

## Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1047/2012

2013/EES/28/13

frá 8. nóvember 2012

## um breytingu á reglugerð (EB) nr 1924/2006 að því er varðar listann yfir næringarfullyrðingar (\*)

FRAMKVÆMDASTJÖRN EVRÓPUSAMBANDSINS  
HEFUR,

heimilt er að gefa upp með fullyrðingunni „létt/light“, samrýmdist ekki tilgangi og efni grunngerningsins.

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

- 5) Skerðing á mettaðri fitu er aðeins gagnleg þegar ekkert kemur í staðinn eða í staðinn kemur ómettuð fita. Ef transítusýra kemur í stað mettaðrar fitu hefur það ekki góð áhrif á heilbrigði og því skulu skilyrðin fyrir notkun næringarfullyrðingar sem vísar til þess að dregið sé úr mettaðri fitu vera þannig að ekki sé hægt að setja transítusýrur í staðinn.

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1924/2006 frá 20. desember 2006 um næringar- og heilsufullyrðingar er varða matvæli<sup>(1)</sup>, einkum 2. mgr. 8. gr.,

og að teknu tilliti til efiðfarandi:

- 1) Í 1. mgr. 8. gr. reglugerðar (EB) nr. 1924/2006 er kveðið á um að næringarfullyrðingar er varða matvæli skuli aðeins leyfðar ef þær eru tilgreindar í viðaukanum við þá reglugerð og þar eru einnig sett fram skilyrði fyrir notkun slíkra fullyrðinga.
- 2) Að höfðu samráði við aðildarríkin og hagsmunaaðila, einkum stjórnendur matvælafrirtækja og neytendahópa, var komist að þeirri niðurstöðu að nauðsynlegt væri að bæta nýjum næringarfullyrðingum á listann yfir leyfilegar næringarfullyrðingar og breyta skilyrðunum um notkun fullyrðinganna sem þegar eru heimil samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1924/2006.
- 3) Salt hefur verið notað sem rotvarnarefni og bragðaukandi efni. Þar eð ný tækni hefur verið þróuð og vísindaleg ráðgjöf varðandi salt er almennt viðurkennd leggja framleiðendur sig fram við að framleiða sífellt fleiri vörur án viðbættis salts þegar það er tæknilega mögulegt. Þó er fullyrðingin um að salti/natríumi hafi ekki verið bætt við tiltekin matvæli ekki heimil eins og stendur. Rétt er að gera framleiðendum kleift að upplýsa neytendur um þessa tilteknu hlið framleiðsluferlisins í ljósi þess hve mikilvægt það er út frá heilbrigðissjónarmiðum að hvetja til slíkra nýjunga. Til að forðast að nota slíka fullyrðingu á matvælum sem innihalda mikið magn natríums á náttúrulegan hátt skal takmarka notkun hennar við matvæli sem innihalda lítið magn natríums.
- 4) Í ályktun sinni frá 2. febrúar 2012 um drög að reglugerð framkvæmdastjórnarinnar um breytingu á reglugerð (EB) nr 1924/2006 að því er varðar lista yfir næringarfullyrðingar var það mat Evrópuþingsins að ný næringarfullyrðing, sem gerði það kleift að gefa upp minni skerðingu en

- 6) Við núverandi aðstæður má fullyrða að sykurmagn hafi verið skert, jafnvel þegar fita kemur í stað sykurs þannig að til verður endurbönduð vara sem er orkuríkari. Fullyrðingin um að dregið hafi verið úr sykurmagni skal því aðeins heimiluð þegar orka matvæla er ekki meiri eftir endurböndun. Strangari skilyrði þar sem farið er fram á skerðingu á orku sem samsvari skerðingu á sykri væru aðeins möguleg að því er varðar afar takmarkaðan fjölda vara og myndu því takmarka notkun fullyrðingarinnar verulega.
- 7) Því ber að breyta viðaukanum við reglugerð (EB) nr. 1924/2006 til samræmis við það.
- 8) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra og hvorki Evrópuþingið né ráðið hefur andmælt þeim.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Viðaukanum við reglugerð (EB) nr. 1924/2006 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

2. gr.

Vörur sem eru settar á markað fyrir 1. júní 2014 og uppfylla ekki kröfur reglugerðar (EB) nr. 1924/2006, eins og henni er breytt með þessari reglugerð, má setja áfram á markað þar til birgðir eru uppnar.

3. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.

(\*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 310, 9.11.2012, bls.36. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 63/2013 frá 3 maí 2013 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, biður birtingar.

(<sup>1</sup>) Stjtið. ESB L 404, 30.12.2006, bls. 9.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 8. nóvember 2012.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,  
forseti.*

José Manuel BARROSO

---

*VIÐAUKI*

Viðaukanum við reglugerð (EB) nr. 1924/2006 er breytt sem hér segir:

- 1) Á eftir færslunni varðandi fullyrðinguna „NATRÍUMSNAUÐUR EÐA SALTSNAUÐUR“ bætist eftirfarandi færsla við:

„ÁN VIÐBÆTTS NATRÍUMS/SALTS

Aðeins má nota fullyrðingu þess efnis að matvæli séu án viðbættis natríums/salts og allar fullyrðingar, sem er líklegt að hafi sömu merkingu fyrir neytendur, ef varan er án viðbættis natríums/salts eða annarra innihaldsefna sem innihalda viðbætt natríum/salt og varan inniheldur að hámarki 0,12 g af natríumi eða jafngildi þess af salti fyrir hver 100 g eða 100 ml.“

- 2) Í færslunni varðandi fullyrðinguna „SKERT INNIHALD [HEITI NÆRINGAREFNISINS]“ bætast eftirfarandi málsgreinar við:

„Aðeins má nota fullyrðinguna „skert innihald mettaðrar fitu“ og allar fullyrðingar, sem er líklegt að hafi sömu merkingu fyrir neytendur:

- ef summa mettaðra fitusýra og transfitusýra í vörunni sem ber fullyrðinguna er a.m.k. 30% lægri en summa mettaðra fitusýra og transfitusýra í svipaðri vöru og
- ef innihald transfitusýra í vörunni sem ber fullyrðinguna er jafnt eða minna en í svipaðri vöru.

Aðeins má nota fullyrðinguna „skert innihald sykurs“ og allar fullyrðingar, sem er líklegt að hafi sömu merkingu fyrir neytendur, ef orkumagn vörunnar sem ber fullyrðinguna er jafnmikið eða minna en orkumagnið í svipaðri vöru.“

---